

Alþingi  
Erindi nr. P 136/60  
komudagur 13.11.2008



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. nóvember 2008

**Málefni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, 38. mál, útfarir, útfararþjónusta o.fl.**

Vísað er til bréfs allsherjarnefndar, dags. 28. október sl., þar sem óskað er eftir umsögn vegna frumvarps til laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, 38. mál, útfarir, útfararþjónusta o.fl.

Frumvarp þetta hlaut umfjöllun á kirkjuþingi 2006, sbr. 3. mgr. og 4. mgr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997. Kirkjuþing 2006 samþykkti ályktun um málið og segir þar m.a.:


*Kirkjuþing kemur á framfæri þeirri skoðun að líkhús skuli vera rekin af kirkjugörðum og heilbrigðisstofnununum og virkt eftirlit verði með slíkri starfsemi í samræmi við reglugerð sem brýnt er að ráðherra setji sem fyrst.*

Veitt var sameiginleg umsögn Biskupsstofu, Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma og Kirkjugarðasambands Íslands um frumvarpið að ósk allsherjarnefndar, þann 13. mars 2008, en frumvarpið var þá til umfjöllunar á 135. löggjafarþingi. Í umsögninni er tekið undir framangreinda ályktun Kirkjuþings og jafnframt óskað eftir að kirkjugarðsstjórnir fái heimild til að innheimta kostnað hjá dánarbúum til að tryggja líkhúsrekstur víðsvegar um land. Rétt er að taka fram að gerð var tillaga að slíku ákvæði í frumvarpinu þegar það var lagt fram í ríkisstjórn haustið 2006.

Framangreindar ábendingar í hinni sameiginlegu umsögn eru áréttáðar og allsherjarnefnd hvött til að taka þær til greina og leggja fram breytingatillögur á frumvarpinu til samræmis við það.

Að öðrn leyti eru ekki gerðar athugasemdir við frumvarpið og mælt með því að það verði samþykkt sem lög frá Alþingi með framangreindum breytingatillögum.

Virðingarfyllst f.h. kirkjuráðs

  
Guðmundur Þór Guðmundsson  
Framkvæmdastjóri kirkjuráðs